

		í peningum		Hundrað		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>G. Ýmislegt:</i>						
38.	1 c 6 pd. af æðardúni, vel hreinsuðum, pundið á	16	9	96	54	80
39.	— 40 — — — — — óhreinsuðum — —	2	24	89	60	75
40.	— 120 — — fuglafiðri 10 pund á	7	68	92	16	77
41.	— 40 — — fjallagrösum — —	1	95	7	80	7
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	2	92	70	8	58
43.	5 — 1 lambsfóður	4	58	109	92	92

Meðalverð á hverju hundradi og hverri alin í fyröldum landaurum verður:

Eptir A. eða í friðu	107	15	89
— B. — í ullu, smjöri og tólg	78	90	66
— C. — í ullartóvöru	81	99	68
— D. — í fiski	75	24	63
— E. — í lýsi	40	1	33
— F. — í skinnavöru	72	48	60
En meðalverð allra landaura samantalið	455	77	379
og skipt með 6 sýnir:			
meðalverð allra meðalverða	75	96	63

Reykjavík, 23. dag marzmán. 1878.

Bergur Thorberg. P. Pjetursson.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um lœknissetur.* — Eptir að sýslunefnd Húnavatnssýslu hefir lagt á það samþykki sitt, er fyrirmælunum í landshöfðingjabrjefi 16. oktbr. f. á. um aðsetur hjeradslæknisins í 8. læknishjeradi hjer með breytt á þá leið, að hjeradslækninum, sem nú er, P. J. Halldórssyni, er leyft að sitja sína embættistíð á jörðunni Klömbur í Vesturhópi. 42
22. marz.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hlutaðeigendum.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um skilning á verzlunar- og siglingalögum.* — Í brjefi 24. nóvbr. 23. marz. f. á. hefir sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu skýrt frá, að í hans embættistíð hafi 4 ensk gufuskip komið svo til Seyðisfjarðar, að sækja sláturfje, að þau hafi eigi farið inn á Eskifjörð áður, og að hann hafi afgreitt þau án þess að skipa þeim að fara fyrst inn á Eskifjörð, með því að hann hafi haldið, að fyrirmæli 3. greinar í lögum um verzlun og siglingar á Íslandi 15. apríl 1854 væri óbeinlínis af numin með nýrri lagafyrirmælum, einkum tilsk. 12. febr. 1872 og lögum 17. desbr. 1875, er leyfi öllum útlendum fiskiskipum að koma á hvaða höfn sem þau vilja til þess að kaupa nauðsynjar sínar, án þess að sigla áður upp einhverja þeirra 6 hafna, er til eru teknar í lögum 15. apríl 1854, 2. gr., jafnvel þótt lög þessi ættu og við um fiskiskip, eptir því sem segir í dómsmálastjórnarbrjefi 14. júlí 1859, — og lagt undir minn úrskurð, hvort þessi skilningur hans á verzlunarlögum sje rjettur.